

7. gr.

116
10. des.

Útborgunarskylt er: $\frac{1}{2}$ árstekjur sjóðsins þangað til hann verður orðinn 10 þús. krónur, frá þeim tíma þangað til sjóðurinn verður orðinn 20 þús. kr. $\frac{2}{3}$ ársteknanna, frá þeim tíma þangað til hann verður orðinn 30 þús. kr. $\frac{3}{4}$ ársteknanna; eftir það $\frac{9}{10}$ ársteknanna.

Sá hluti ársteknanna, sem ekki er útborgunarskyldur, leggst við höfuðstólinn. Þau ár, sem enginn styrkur yrði veittur, leggjast allar árstekjurnar við höfuðstólinn. — Höfuðstólinn má aldrei skerða.

8. gr.

Meginfje sjóðsins ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Að öðru leyti er það í vöxtum og á ábyrgð umsjónarnefndarinnar.

9. gr.

Af þeim hluta ársteknanna, sem útborgunarskyldur er, skal verja því, sem þörf er á, til undirbúnings árstíðaskárinnar og útgáfu minningaspjalda, svo og í beinan útlagðan kostnað við stjórn hans. Að öðru leyti er ætlast til að stjórn sjóðsins vinni kauplaust fyrst um sinn, þangað til ríkisstjórninni kynni að þykja ástæða til að leyfa henni kaup fyrir höfn sína, eftir beiðni hennar.

10. gr.

Þegar umsjónarnefnd sjóðsins þykir þörf á skal á kostnað sjóðsins koma upp eldtryggri geymslu fyrir árstíðaskrár hans og gjörðabækur. Þegar útritðar árstíðaskrár og gjörðabækur verða orðnar 50 ára gamlar falla þær til Landsbókasafnsins.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á sk palagskrá þessari.

Hamborg í N. Múlasýslu 28. febr. 1921.

Björg Halldórsdóttir. Halldór Stefánsson.

Samþykkt

117
15. des.

fyrir áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Ábúendur þeirra jarða í Þingi og Torfulækjarhreppi í A. Húnavatnssýslu, sem getið er um í annari gr., stofna með sjer fjelag er nefnist »Áveitufjelag Þingbúa«. Heimilisfang þess er að Þingeyrum, og varnarþing þess að Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur fjelagsins er að koma á og starfrækja áveitu úr Vatnsdalsá yfir engjalönd á eylandinu í Þingi. Fjelagsmenn eru þeir, sem hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar á áveituvæðinu. Jarðir þær, sem koma til greina, eru þessar:

117
15. des.

Hnausar í Sveinsstaðahreppi.
Bjarnastaðir í Sveinsstaðahreppi.
Öxl í Sveinsstaðahreppi.
Steinnes í Sveinsstaðahreppi.
Þingeyrar í Sveinsstaðahreppi.

Brekukot í Sveinsstaðahreppi.
Brekka í Sveinsstaðahreppi.
Akur í Torfulækjarhreppi.
Kringla í Torfulækjarhreppi.
Sinnastaðir í Torfulækjarhreppi.

Komi það í ljós fyr eða síðar, að fleiri jarðir geti notið áveitunnar, breytist tala fjelagsmanna samkvæmt því.

3. gr.

Áveituna skal þannig gera, að stífla er sett í austari Skriðuvatnsskísl skamt frá norðurenda á Skriðuvatnshólma, svo að sama vatnshæð geti fengist úr kvíslinni um lækjardrag það, sem liggur norður í syðri Hnausatjörn og hæð vatnsins er um suðurenda á Skriðuvatnshólma. Framrás fæst þannig úr kvíslinni um Hnausatjarnir yfir engin. — Stíflur skal gera í farvegi þá á svæðinu, sem leiða vatn af því, og þær fyrirhleðslur eða garða, sem nauðsynlegir eru, til þess að hægt sje að halda vatni í hæfilegri dýpt um engin, svo og fyrirhleðslur sunnan við Hnausatjörn, til þess að varna flóðum, ef þau koma í ána á óhentugum tíma. Alt þetta sje framkvæmt samkvæmt mælingum, sem Búnaðarfjelag Íslands afgreiðir.

4. gr.

Lögmætir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum fjelagsins innan þeirra takmarka, sem sett eru með landslögum og með samþykkt þessari. Til fjelagsfunda skal stjórnin boða á sama hátt og boðað er til lögmætra sveitafunda.

5. gr.

Formaður stjórnar fjelagsfundum. Hann sker úr öllu, er snertir lögmæti fundanna, meðferð málanna á fundunum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega ef einhver fundarmanna krefst þess.

6. gr.

Í sjerstaka gerðabók skal rita allar fundarályktanir, og stutta skýrslu um annað, er gerist á fundinum. Fundargerðir skulu lesnar upp og bornar undir atkvæðl, og undirskrifa þær stjórnendur fjelagsins, sem viðstaddir eru, svo og aðrir fundarmenn. Fundarskýrslur þessar skulu vera full sönnun þess, sem gerist á fundinum.

7. gr.

Fjelagsmenn hafa jafnan atkvæðisrjett á fjelagsfundum, þar sem samþykkt þessi ákveður eigi á annan veg. Þó verða eigi gerðar breytingar á samþykkt þessari, nema $\frac{3}{4}$ fundarmanna á lögmætum fjelagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingarnar staðfestingu stjórnarráðsins.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 — þrem — mönnum, formanni, ritara og gjaldkera, sem kosnir skulu til 3. ára í senn. Skal einn stjórnenda ganga úr stjórninni á hverju ári, og ræður hlutkesti hver gengur úr fyrstu tvö árin. Skyldir eru fjelagsmenn að taka endurkosningu, ef þeir aðeins hafa setið 3 ár í stjórn samfleytt. Varastjórn skal kjósa á sama hátt. Formaður heldur aðalreikninga fjelagsins, en gjaldkeri annast innheimtu og greiðslu eftir ávísun formanns.

9. gr.

Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli fjunda með takmörkum þeim, sem leiða af landslögum og samþykkt þessari. Hún getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett eignir fjelagsins. Undirskrift allra stjórnenda sameining, er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum.

117
15. des.

10. gr.

Stjórnarfundur skal halda hvenær, sem einhver stjórnandi telur þess þörf, og kemur stjórnin sjer saman um hvernig til þeirra skuli boða. Formaður stýrir fundum. Ræður þar afl atkvæða og hefir fundarstjóri atkvæðisrjett. Engin ákvörðun er gild nema samþykkt sje með atkvæðum tveggja stjórnenda, eða varastjórnenda í forföllum þeirra. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal rita í gerðabók fjelagsins og ritar stjórnin undir.

11. gr.

Aðalfundur fjelagsins skal halda fyrir miðjan febrúar ár hvert. Þar skulu þessi mál tekin fyrir auk annara, er fyrir kunna að koma.

1. Stjórn fjelagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á síðastliðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar fjelagsins fyrir hið liðna ár lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda, og svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum. Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sje frestað sökum vantandi upplýsinga, en þó má eigi fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.
3. Lögð fram áætlun frá fjelagsstjórninni um tekjur og gjöld á hinu nýbyrjaða ári, hún rædd og samþykkt með þeim breytingum, sem fundurinn kann að gera á henni.
4. Kosinn einn maður í stjórn og annar í varastjórn.
5. Kosnir tveir endurskoðendur fjelagsreikninganna.

12. gr.

Áveitufjelagsstjórnin annast lántöku fyrir fjelagsins hönd, til þess að koma fyrir tækinu í framkvæmd. Vilji hvorki eigendur nje ábúendur einhverra engjalanda, er áveitunnar njóta, taka þátt í sameiginlegum kostnaði, er af henni leiðir, krefst fjelagsstjórnin, að eignarnám fari fram á löndum þessum samkvæmt 18. gr. vatnsveitingalaganna frá 22. nóv. 1913, eftir löglegan undirbúning samkvæmt greindum lögum.

13. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal skifta niður væntanlegum kostnaði í ákveðnar hlutdeildir. Kostnaði við stíflu í Skriðuvaðskvísl og aðrar aðgerðir, er varðar alt áveitusvæðið, skiftist eftir stærð engjalands hverrar jarðar innan áveitusvæðisins. Kostnaður við stíflur í síki og kíla, flóðgarðar og aðrar aðgerðir fyrir nokkurn hluta svæðisins, skiftist í ákveðnar hlutdeildir á sama hátt, nema hvað þar er einungis tekið til greina engjalönd þau, sem hafa þein not af hverju mannvirki fyrir sig. Sömu reglu skal fylgja þegar gerðir verða framræsluskurðir. Matsmenn þeir, sem getið er um í 18. gr. fyrnefndra vatnsveitulaga, úrskurða hvort kostnaði er rjettmætt skift niður, en þeir hafi tillögur frá Búnaðarfjelagi Íslands við að styðjast. Öllum áveitubændum er gefinn kostur á, að kynna sjer tillögur um niðurjöfnunina áður en matsgerðinni er lokið, og bera fram athugasemdir sínar, ef nokkrar eru, svo matsmönnum sjeu þær kunnar.

117

15. des.

Að lokinni niðurfjöfnun kostnaðar og öðrum undirbúningi undir framkvæmd aðalverksins, skal ákveðið á fjelagsfundi hvenær eigi að framkvæma það. Atkvæðisrjettur manna fer í því í rjettri tiltölu við kostnaðarhlutdeild þeirra. Ráða þar úrslitum eigendur $\frac{3}{4}$ af sameiginlegum kostnaði. Svo er og síðar þegar um meiri háttar fjárútlát er að ræða.

15. gr.

Stjórn áveitufjelagsins ræður umsjónarmann með áveitunni þegar verkinu er lokið. Hefir hann alla umsjón með vatnsleiðslunni á og af engjunum, og með viðhaldi mannvirkja áveitunnar. Skal hann þó í aðaldráttum haga áveitunni svo sem aðalfundur ákveður á hverju ári.

16. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns, raska á nokkurn hátt mannvirkjum þeim, er teljast til áveitunnar, svo það hafi áhrif á renslu eða stöðu vatnsins.

17. gr.

Sjerhver búandi er skyldur til að leggja til vinnu umsjónarmanni til liðsinnis við rekstur áveitunnar, hvenær sem hann æskir þess. Skal full borgun reiknast fyrir, er telst til árlegs reksturskostnaðar við áveituna.

18. gr.

Viðhald áveitunnar annast umsjónarmaðurinn þannig, að hann lætur tafarlaust gera við allar smærri bilanir, og við þær bilanir, er að hans áliti eigi þola bið, en til meiri háttar aðgerða skal hann leita samþykkis áveitufjelagsstjórnarinnar, ef tími vinst til.

19. gr.

Kaup umsjónarmanns og allur kostnaður, sem leiðir af umsjón og viðhaldi áveitunnar, greiðist úr sjóði fjelagsins. Launakjör umsjónarmanns og ráðningstími, uppsagnarfrestur og annað, er hjer að litur, skal ákveðið í ráðningarsamningi, er fjelagsstjórnin gerir við hann.

20. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal fyrir 1. okt. ár hvert gera áætlun um viðhalds og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Við samning áætlunar þessarar skal fara eftir hve mikill kostnaður heflr orðið það, sem af er ársins, og áætla þau gjöld, sem vænta má að falli á það, sem eftir er ársins. Heimilt er og að taka á áætlun tekjuhalla, sem kann að hafa orðið á síðasta ársreikningi. Kostnaði öllum eins og hann verður talinn á áætluninni, jafnar fjelagsstjórnin niður á sama hátt og aðalkostnaðinum. Skal fjelagsstjórnin gera skrá yfir gjöld þessi, svo og yfir aðrar útborganir, sem hverjum einstökum ber að greiða eftir hlutdeild hans í áveitukostnaðinum. Eftir gjaldskrá þessari skal fjelagsstjórnin innheimta gjöldin í heild sinni hjá áveitubændum fyrir 1. nóvember. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

21. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta fjelaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari.

22. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum 1—200 kr. og renna sektir í sjóð áveitufjelagsins. 117 15. des.

23. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er gjörð og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. desember 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglur

um

hlutafjelagaskrár og samvinnufjelaga.

118
27. des.

1. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi landins skal vera ská yfir hlutafjelög og samvinnufjelög. Hún skiftist í 2 deildir: A-deild og B-deild. Í A-deild skal skrá hlutafjelög og í B-deild samvinnufjelög. Atvinnumálaráðherra lögildir skrárnar, en lögreglustjóri heldur þær (sbr. lög um samvinnufjelög nr. 36, 27. Júní 1921, 10. gr. og lög um hlutafjelög nr. 77 s. d. 11. gr.).

2. gr.

Hverja skrá skal merkja með rómverskri tölu (I. II. III. o. s. frv.) og taka til notkunar eftir því sem hver þeirra verður útskrifuð. Skal tölusetja hverja opnu í hverri skrá á blaðsíðunni til vinstri handar ofanmáls, og í áframhaldandi sömu röð fyrir báðar deildir. Skrá hefir t. d. 100 opnur. Þar af tekur A-deild yfir 50 opnur og B-deild yfir aðrar 50.

Hvert fjelag skal hafa sína opnu í skránni. Nafn fjelagsins skal skrá á blaðsíðuna til vinstri handar ofanmáls. Á tilsvareandi stað á blaðsíðunni til hægri handar skal þess geta, í hvaða hreppi fjelagið hefir lögheimili, ef lögsagnarumdæmið er ekki kaupstaður. Um útibú sjá 4. gr.

Nú þrýtur opnu, og skal þá flytja fjelagið á aðra opnu í sömu skrá, meðan til vinst, en síðan í aðra skrá. Þegar fjelag er þannig flutt, þá skal geta þess neðanmáls á þeirri opnu, sem fjelagið er flutt frá, á hvaða opnu það er flutt, ef það er flutt á aðra